

Kerfisleiga

Helstu kostir

- Aðgengi að vinnuumhverfi hvar sem er
- Rekstur Microsoft Office hugbúnaðar
- Rekstur viðskiptahugbúnaðar fyrir Windows
- Sérfræðiþjónusta alltaf við höndina
- Þjónustuborð opið allan sólarhringinn
- Líftími útstöðva getur tvöfaldast
- Minni eða engin fjárfesting í miðlurum
- Útvistun í hæsta gæðaflokki
- Vöktun gegn tölvuinnbrotum
- Öruggt afritun og aðgengi gagna
- Aukin hagkvæmni og lægri kostnaður
- Áreiðanleiki, sveigjanleiki og vinnsluafli



„Með því að fara í Kerfisleiguna gátum við hætt að spá í rekstur upplýsingatæknikerfisins og einbeitt okkur að kjarnastarfseminni.“

Brynjólfur Þ. Gylfason
Fjármálastjóri Virðingar

Með kerfisleigu fá viðskiptavinir aðgang að eigin vinnuumhverfi, gögnum og hugbúnaði gegnum öruggt umhverfi, sem er hýst og vaktað á miðlægum búnaði allan sólarhringinn.

Í hnotskurn

Kerfisleiga Skýrr býður fastar mánaðargreiðslur til að kostnaður sé fyrirsjáanlegur og tekur þannig á sig sveiflur í rekstri miðlægs umhverfis. Lausnin er hugsuð með það fyrir augum að fyrirtæki geti einbeitt sér að sinni kjarnastarfsemi og tekið viðamiklar fjárfestingar í miðlægum tölvubúnaði í upphafi og fjárfrekan rekstur í kjölfarið út úr myndinni. Það eina sem þarf til að tengjast Kerfisleigu Skýrr er Internettinging og tölva, við sjáum um rest.

Rekstur hugbúnaðarkerfa

Mögulegt er að reka nær allan Windows hugbúnað í Kerfisleigu. Þar má telja Microsoft Office og nær allar tegundir fjárhags- og mannauðskerfa, meðal annars Axapta, DK, Navision, OpusAllt og TOK+. Við höfum áratuga reynslu af kerfisleigu og uppfyllum ströngustu kröfur atvinnulífsins um hagkvæmni, afköst, áreiðanleika, þjónustu og öryggi.

Aukin hagkvæmni

Kerfisleiga gerir fyrirtækjum kleift að ná niður kostnaði og auka hagkvæmni við notkun og rekstur upplýsingatæknikerfa. Við sjáum um að vélbúnaður sé í lagi, afritun sé tekin reglulega, varaafli og Internet sé til staðar og þekking til reksturs á nýjustu kerfum sé til staðar.

Sparaðu með Kerfisleigu

Kerfisleiga veitir aðgang að fullkomnu, miðlægum upplýsingakerfi í öruggu umhverfi sem rekið er af sérfræðingum. Kerfisleiga sparar fyrirtækjum að fjárfesta í dýrum búnaði sem sífellt þarfnast endurnýjunar og viðhalds.

Kjarnastarfsemi

Í Kerfisleigu Skýrr fá fyrirtæki aðgang að öruggu upplýsingatækni umhverfi sem hefur margsannað sig hjá fjölda viðskiptavina í yfir 10 ár. Það er okkar að viðhalda þekkingu, tryggja lágan rekstrar-kostnað og upptíma. Á meðan geta viðskiptavinir okkar einbeitt sér að sinni kjarnastarfsemi.

Hafðu samband



Davíð Þór Kristjánsson
Sími: 569 5107
GSM: 860 5107
david.kristjansson@ejs.is



Ægir Rafn Magnússon
Sími: 569 5342
GSM: 822 5617
aegir.magnusson@ejs.is